

greiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum til tryggingar gjaldinu.

### 18. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, samkvæmt 14. gr., greiðir leigutaki, og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar og aðra veittla þjónustu, samkvæmt 14. gr., greiðir aðnjótandi.

### 19. gr.

Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð eru á hafnarsvæðinu, skulu renna í hafnarsjóð.

### 20. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt, sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir hafnsögubáta og önnur tæki og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akureyrar nr. 49 5. mars 1973.

*Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

um afgreiðslutíma verslana í Kópavogi.

### 1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Kópavogi, þ. á m. söluturna og til brauð- og mjólkurbúða.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensínafgreiðslur. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðsölu á götum, merkja-sölu og annars slíks.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn það, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

### 2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni.

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og loka skal þeim eigi síðar en kl. 18.00.

Á þriðjudögum og föstudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 22.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00. Fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00. Hinn 18. desember má halda verslunum opnum til kl. 22.00 en sé 18. desember sunnudagur gildir sú regla 19. desember.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00. Á miðvikudag fyrir páska skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 22.00.

Bæjarráð getur heimilað, að sölustaður verði opnaður fyrr en segir í grein þessari.

### 3. gr.

Afgreiðslutíma brauð- og mjólkurbúða skal vera heimilt að hafa hinn sama og afgreiðslutíma almennra verslana, og enn fremur skal vera heimilt að hafa þær opnar til kl. 16.00 á laugardögum og frá kl. 9.00—16.00 þá daga, sem um ræðir í B-lið 7. gr.

### 4. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar. Afgreiðsla um söluop er ekki heimil í þeim verslunum, sem hafa afgreiðslutíma skv. 2. og 3. gr. þessarar samþykktar.

### 5. gr.

Bæjarráð getur leyft, að vikið sé frá ákvæðum 2. gr., þegar um er að ræða söluturna og sambærilega sölustaði, þannig, að þeir verði opnir til kl. 23.30 alla daga aðra en þá, er um ræðir í A-lið 7. gr.

Sölustaðir þeir, sem um ræðir í 1. mgr. skulu aðgreindir frá verslun eða birgðageymslu verslunar.

Á sölustöðum þeim, er kvöldsöluleyfi hafa má selja eftirtaldar vörur:

Sælgæti, súkkulaðikex, tóbaksvörur, öl og gosdrykki, blöð og tímarit, ískökur, íssósar, skyndiplástur, blöðrur, flugelda, saltstengur, öryggi, eldspýtur, dömubindi, rakblöð, sólgleraugu, kort, frimerki, bolluvendi, spil, greiður, hárlakk, hárkrem, filmur, stílabækur, reikningsbækur, blýanta, vinnuvetlinga, rakspíritus, raksápu og rakkrem, sokka, sokkabuxur, kaffi, te, kakó, ávaxtasafa, grænar baunir, sveppi, asparagus, niðursoðna ávexti, strásykur, molasykur, salt, kornflakes, sinnep, tómatsósu, súpur, appelsínur, epli, banana, steiktar kartöflur, búðinga (búðingsduft), harðfisk, kex, kartöflumús, mais, egg, smjör, samlokur, handsápu og WC pappír, niðursoðinn saxbauta, kjötbollur, fiskbollur og niðursoðinn barnamat.

„Vegna sölu á eftirgreindum vörutegundum ber að sækja um það sérstaklega til heilbrigðisnefndar: Ís, heitar pylsur og smurt brauð (samlokur)“.

Bæjarráð getur breytt framangreindum vörulista.

### 6. gr.

Bæjarráð getur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar heimilað, að verslanir, sem eingöngu selja heitar pylsur, smurt brauð, öl og gosdrykki, mjólk og vörutegundir innan þeirra marka, er um ræðir í 3. mgr. 5. gr., megi vera opnar alla daga, nema þá, sem um getur í A-lið 7. gr., sbr. cinnig C-lið sömu greinar.

Bæjarráð getur að fengnum meðmælum lögreglustjóra leyft, að slíkar verslanir verði opnar eftir kl. 23.30. Í leyfi skal þá tilgreint hvenær loka skuli, svo og nánari skilyrði um umbúnað allan á hlutaðeigandi sölustað.

### 7. gr.

Um lokun sölustaða á einstöfum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

A. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.

- B. Alla sunnudaga, nýársdag, skírdag, annan páskadag, annan hvítasunnudag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningar-ákvæði 3., 5., 6. og 10. gr.
- C. Aðfangadag jóla og gamlársgangur skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15.00.

## 8. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum, skal heimilt að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagrip og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma, er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

## 9. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða sölustað, þegar lokað er.

## 10. gr.

Bæjarráð getur leyft rýmri afgreiðslutíma, þegar um er að ræða sölu á blómum, garðplöntum, jólatrjáum, minjagripum, svo og vörum til tækifærisgjafa.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaklega ástæðu til, m. a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

## 11. gr.

Fyrir leyfi skv. 5. gr. skal greiða gjald í bæjarsjóð skv. ákvörðun bæjarstjórnar. Bæjarráð getur veitt aðila, er rekur biðskýli fyrir strætisvagnafarþega í sambandi við söluturn, undanþágu frá greiðslu gjalds, skv. 1. mgr.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarráð og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga, eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarráð svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvör.

## 12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1975.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*